

Kaldvík hf.
Strandgötu 18
735 Eskifjörður

Selfossi, 26. febrúar 2025
Tilvísun: 2502613

Opinbert dýravelferðar -og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð. nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Kaldvík hf. - Berufjörður	Kennitala: 520412-0930
Heimilisfang: Strandgötu 18, 735 Eskifjörður	Leyfisnr: FE-1138
Stöðvarstjóri: Ísak Örn Guðmundsson	Dags.: 20.02.2025
Tegund fiska: Lax- Salmo salar	
Er stöðin í dreifingarbanni: Nei	Óboðað eftirlit : Já
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða: Já	Tegund eftirlit: annað

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Karl Steinar Óskarsson, deildarstjóri fiskeldisdeildar, og Wija Ariyani, sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma, fóru í eftirlit á eldissvæði í Svarthamarsvík í Berufirði þann 20. febrúar 2025. Viðstaddur eftirlit var Ísak Örn Guðmundsson, svæðisstjóri í Berufirði.

Ákveðið var að fara í eftirlit vegna mikilla affalla í Berufirði í janúar 2025 skv. framleiðsluskýrslu sem send var til MAST í miðjum febrúar.

Eftirlitsmenn MAST fóru með þjónustubát út á svæðið kl. 09:00 og var komið aftur í höfn kl. 12:00. Báturinn fór ekki aftur út á svæðið eftir það.


NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Smitvarnir

- Búnings-og þrifaaðstaða fyrir hlífðarklæðnað er í sama húsnæði fyrir öll eldissvæði.
- Sömu áhöld er notuð fyrir allar kvíar í Svarthamarsvík.

Frávík:

- Starfsfólk notar sama inngang fyrir bæði eldissvæðin.
- Engin sóttthreinsimotta/bakki við inngang starfsmannaaðstöðu.
- Aðskilnaður á hreinum og óhreinum fatnaði í starfsmannaaðstöðu er ekki skýr.
- Áhöld um borð voru ekki sóttthreinsuð á milli kvía.



Gerð er krafa um smitvarnir skv. 15.gr. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit.

Umhirða eldisfiska

Kvíar yfirfarðar daglega þegar veður leyfir og dauðfiskur fjarlægður úr dauðfiskaháf. Mikið var af sveimurum og særðum fiskum í öllum kvíum í Svarthamarsvík. Þegar eftirlitsmenn voru á staðnum var engin alvöru tilraun gerð til að fjarlægja sveimara. Einungis 3 – 4 sveimarar voru teknir úr hverri kví, en að jafnaði voru 1.000 – 3.000 illa farnir sveimarar í hverri kví. Ástandið var sérstaklega slæmt í kvíum 2 og 4.

Skv. gögnum sem bárust til MAST var ítrekað við fyrirtækið að fjarlægja ætti fiska sem eru með sár eða eru illa særðir til að minnka smitálag í kvínni og gæta að velferð fiskanna.

Miðað við skráningar í daglegri skýrslu fyrirtækisins er ekki alltaf notast við svokallað „sweep net“ þegar mikið er af sveimurum.

Alvarleg frávik:

- Illa særðir fiskar voru ekki fjarlægðir á meðan eftirlit fór fram og ljóst af daglegum förgunartölum að misbrestur er á þessu atriði í janúar og febrúar.



Kaldvík verður að tryggja að til sé nægur búnaður og nægur mannskapur til þess að bregðast við þegar mikið er af særðum fiskum skv. 44.gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og 7.gr. laga nr. 55/2023 um velferð dýra.

Til upplýsingar: Alvarlegt frávik og frávik eru í skýrslunni, ef úrbætur eru ekki gerðar verður málið tekið fyrir á fundi með lögfræðingi, sérgreinadýralækni og deildastjóra fiskeldisdeildar hjá Matvælastofnun til frekari ákvörðunar um hugsanlega þvingunuraðgerðir

Andmælafrestur á úttektarskýrslu er til og með 28.02.2025

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 2 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024.

Lagagrunnur eftirlits


Lög nr 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Ni Nyoman Wija Ariyani,
Sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma.



Karl Steinar Óskarsson,
Deildastjóri, fiskeldisdeild.